

EBITDA 1.898 millj. kr. á 1. ársfjórðungi 2024

Helstu niðurstöður

- Vörusala nam 32.223 millj. kr. samanborið við 29.484 millj. kr. árið áður og jókst um 9,3% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.033 millj. kr. og jókst um 806 millj. kr. eða 12,9% á milli ára.
- Framlegðarstig nam 21,8% og hækkar um 0,7 p.p. frá 1F 2023 en lækkar um 1,2 p.p. frá 4F 2023.
- Laun og starfsmannakostnaður eykst um 7,5% en stöðugildum fjölgar um 2,5% milli ára.
- EBITDA nam 1.898 millj. kr. samanborið við 1.401 millj. kr. árið áður sem er hækkun um 35,5% milli ára.
- Hagnaður fjórðungsins nam 202 millj. kr. eða 2,9% af framlegð og hækkar um 293 millj. kr. á milli ára
- Handbært fé frá rekstri nam 538 millj. kr. eða 7,6% af framlegð, samanborið við 1.238 millj. kr. árið áður.
- Eigið fé nam 35.140 millj. kr. og er eiginfjárlutfallið 36,0% í lok 1F 2024.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2024 er hækkuð um 300 millj. kr. og er nú 11.500 – 11.900 millj. kr.

Milljónir króna	1F 2024	1F 2023	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Vöru- og þjónustusala	32.223	29.484	2.740	9,3%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	7.033	6.227	806	12,9%
Aðrar rekstrartekjur	508	497	11	2,2%
EBITDA	1.898	1.401	497	35,5%
EBIT	974	473	501	106,0%
EBT	230	-172	402	234,0%
Hagnaður tímabilsins	202	-91	293	321,6%
Efnahagsreikningur	31.3.2024	31.12.2023	Breyt.	% Breyt.
Birgðir	14.399	13.557	842	6,2%
Viðskiptakröfur	6.627	5.985	642	10,7%
Handbært fé	2.961	3.362	-401	-11,9%
Vaxtaberandi skuldir	37.616	37.140	476	1,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir	34.655	33.778	877	2,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	3,0	3,8	-0,8	-20,9%
Eiginfjárlutfall	36,0%	37,3%	-1,4 p.p.	-3,6%
Arðsemi eigin fjár	10,7%	10,5%	+0,2 p.p.	1,8%
Sjóðstreymi	1F 2024	1F 2023	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	538	1.238	-701	-56,6%
Fjárfestingarhreyfingar	-734	-815	81	-9,9%
Fjármögnunarhreyfingar	-225	-732	507	-69,3%
Handbært fé í lok tímabils	2.961	1.823	1.138	62,4%
Lykiltölur				
Framlegð af vörusölu	21,8%	21,1%	+0,7 p.p.	3,3%
Starfsmannakostnaður/framlegð	56,1%	59,0%	-2,9 p.p.	-4,8%
EBITDA/framlegð	27,0%	22,5%	+4,5 p.p.	20,0%
Hagnaður/framlegð	2,9%	-1,5%	+4,3 p.p.	296,2%
Hagnaður á hlut	0,7	-0,3	1,0	323,3%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	7,6%	19,9%	-12,2 p.p.	-61,6%
Fjárfestingar	741	852	-112	-13,1%

Rekstur 1. ársfjórðungs 2024

Rekstur félagsins gekk vel á fyrsta ársfjórðungi og var niðurstaðan umfram áætlanir stjórnenda. Vörusala jókst um 9,3% milli ára og var magnaukning í öllum flokkum nema í annarri vöru- og þjónustusölu. Framlegðarstig nam 21,8% og lækkar um 1,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 0,7 p.p. frá fyrra ári. Framlegð í krónum hækkar um 12,9% milli ára en rekstrarkostnaður hækkar um 6,0% á sama tíma. EBITDA félagsins nam 1.898 millj. kr. sem er 35,5% hækkun milli ára. EBITDA Krónunnar var 286 millj. kr. hærri en árið áður, EBITDA N1 var 60 millj. kr. hærri og EBITDA ELKO var 73 millj. kr. hærri en árið áður. Nettó fjármagnskostnaður hækkar um 99 millj. kr. eða 15,4% milli ára vegna áhrifa hækkunar stýrivaxta. Hagnaður fyrsta ársfjórðungs nam 202 millj. kr. sem er viðsnúningur um 293 millj. kr. milli ára. Horfur fyrir árið eru góðar en framundan eru sumar mánuðurnir sem er mikilvægasti tími ársins í rekstri samstæðunnar.

Tekjur 1. ársfjórðungs 2024

- Heildartekjur námu 32.731 millj. kr. sem er aukning um 9,2% milli ára.
- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 32.223 millj. kr. sem er aukning um 9,3% milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 17.974 millj. kr. sem er aukning um 16,8% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 8.453 millj. kr. sem er aukning um 1,1% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.034 millj. kr. sem er aukning um 4,9% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 1.763 millj. kr. sem er lækkun um 6,9% milli ára.

Milljónir króna	1F 2024	1F 2023	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala				
Dagvörur	17.974	15.383	2.591	16,8%
Eldsneyti og rafmagn	8.453	8.361	91	1,1%
Raftæki	4.034	3.846	188	4,9%
Aðrar vörur og þjónusta	1.763	1.894	-131	-6,9%
Samtals vöru-og þjónustusala	32.223	29.484	2.740	9,3%
Aðrar rekstrartekjur	508	497	11	2,2%
Tekjur samtals	32.731	29.980	2.751	9,2%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 16,8% milli ára en engin ný verslun var opnuð milli ára. Tekjur af eldsneyti og rafmagn jukust um 1,1% milli ára en lækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 2 - 5%, eftir vöruhegundum. Selt magn nam um 46,7 millj. lítra sem er 11,1% aukning milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 4,9% milli ára og tekjur af annarri vöru og þjónustusölu lækkar um 6,9% milli ára, en meginástæða þess er að engin loðnuvertíð var í ár eins og var á fjórðungnum í fyrra.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 1. ársfjórðungi 2024

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.033 millj. kr. sem er 12,9% aukning milli ára. Framlegðarstig nam 21,8% og lækkar um 1,2 p.p frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 0,7 p.p. frá fyrra ári.
- Framlegð af dagvörusölu nam 3.983 millj. kr. sem er aukning um 14,8% milli ára. Framlegðarstig nam 22,2% sem er lækkun um 0,4 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.408 millj. kr. sem er 279 millj. kr. aukning frá árinu áður. Framlegðarstig nam 16,7% og hækkar um 3,1 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.032 millj. kr. sem er aukning um 11,3% milli ára. Framlegðarstig nam 25,6% sem er aukning um 1,5 p.p. milli ára.
- Framlegð af annarri vöru og þjónustusölu nam 610 millj. kr. sem er lækkun um 12,9% milli ára. Framlegðarstig nam 34,6% sem er lækkun um 2,4 p.p. frá árinu áður.

Milljónir króna	1F 2024	1F 2023	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu				
Dagvörur	3.983	3.471	512	14,8%
Eldsneyti og rafmagn	1.408	1.130	279	24,7%
Raftæki	1.032	927	105	11,3%
Aðrar vörur og þjónusta	610	700	-90	-12,9%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	7.033	6.227	806	12,9%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 7.033 millj. kr. samanborið við 6.227 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2023 sem er 12,9% lækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 3.983 millj. kr. sem er 14,8% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.408 millj. kr. sem er aukning um 279 millj. kr. milli ára. Framlegð af raftækjasölu nam 1.032 millj. kr. sem er 11,3% aukning milli ára. Framlegð annarra vara og þjónustu nam 610 millj. kr. sem er 12,9% lækkun milli ára og framlegðarstig nam 34,6% sem er lækkun um 2,4 p.p. frá árinu áður.

Rekstrarkostnaður 1. ársfjórðungs 2024

- Rekstrarkostnaður á 1F 2024 var 5.643 millj. kr. og hækkar um 320 millj. kr. milli ára eða um 6,0%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 274 millj. kr. eða 7,5% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.330 á fjórðungnum sem er fjölgun um 2,5% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 45 millj. kr. eða um 2,8% milli ára.

23. apríl 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1F 2024

Milljónir króna	1F 2024	1F 2023	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður				
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.947	3.673	274	7,5%
Annar rekstrarkostnaður				
Rekstrarkostnaður fasteigna	526	512	14	2,7%
Viðhaldskostnaður	283	302	-19	-6,4%
Sölu og markaðskostnaður	372	348	24	6,9%
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	116	123	-7	-5,4%
Samskiptakostnaður	250	237	13	5,7%
Vátrygginga og tjónakostnaður	54	34	20	58,9%
Annar kostnaður	95	95	0	0,2%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.696	1.651	45	2,8%
Samtals rekstrarkostnaður	5.643	5.323	320	6,0%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 1F 2024 nam 3.947 millj. kr. samanborið við 3.673 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 7,5% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.330 á fjórðungnum sem er fjölgun um 33 stöðugildi eða 2,5% milli ára. Samningsbundnar launahækkunar höfðu 107 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára og aukning stöðugilda 83 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og starfsmannakostnaður samtals 1F 2023	3.673
Stöðugildi - breyting	83
Samningsbundnar launahækkunar	107
Orlofsskuldbinding	62
Aðrar breytingar	23
Laun og starfsmannakostnaður samtals 1F 2024	3.947

Annar rekstrarkostnaður nam 1.696 millj. kr. samanborið við 1.651 millj. kr. á 1F 2023, sem er hækkun um 2,8% milli ára. Áhrif verðbólgu og aukinnar sölu gættir á alla kostnaðarliði en góður árangur hefur náðst í lækkun alls rekstrarkostnaðar eins og samanburður við síðasta ár sýnir.

Fjármagnsliðir 1. ársfjórðungs 2024

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 744 millj. kr. samanborið við 645 millj. kr. frá árinu áður. Aukningin er því 99 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 84 millj. kr. og hækka um 57 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 940 millj. kr. og hækka um 122 millj. kr. milli ára.
- Gengismunur var jákvæður um 25 millj. kr., eins og síðasta ár.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 87 millj. kr. og lækka um 35 millj. kr. milli ára.

23. apríl 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1F 2024

Milljónir króna	1F 2024	1F 2023	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	84	27	57	209,9%
Fjármagnsgjöld	-940	-818	-122	14,9%
Gengismunur	25	24	1	2,9%
Áhrif hlutdeildarféлага	87	122	-35	-28,6%
Samtals	-744	-645	-99	15,4%

Fjármagnstekjur nema 84 millj. kr. og hækka um 57 millj. kr. milli ára. Fjármagnsgjöld nema 940 millj. kr. og hækka um 122 millj. kr. milli ára vegna áhrifa af hækkunum stýrivaxta Seðlabankans milli ára. Gengismunur var jákvæður um 25 millj. kr., sambærilegt og á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarféлага eru jákvæð um 87 millj. kr. en voru jákvæð um 122 millj. kr á sama tíma árið áður.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 1. ársfjórðungs 2024

- Heildar eignir námu 97.698 millj. kr. í lok 1F 2024 og hafa aukist um 1.666 millj. kr. frá áramótum.
- Fastafjármunir námu 72.818 millj. kr. og hafa aukist um 414 millj. kr. frá áramótum.
- Veltufjármunir námu 24.880 millj. kr. og hafa aukist um 1.252 millj. kr. frá áramótum.
- Handbært fé nam 2.961 millj. kr. í lok 1F 2024 sem er lækkun um 401 millj. kr. frá áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 34.655 millj. kr. og hafa hækkað um 877 millj. kr. frá áramótum.
- Eignfjárhlutfall félagsins var 36,0% í lok 1F 2024 samanborið við 37,3% í árslok 2023.

Milljónir króna	31.3.2024	31.12.2023	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.842	14.842	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.229	4.260	-31	-0,7%
Rekstrarfjármunir	35.736	35.779	-42	-0,1%
Leigueignir	8.383	8.097	286	3,5%
Fjárfestingarfasteignir	6.764	6.647	117	1,8%
Birgðir	14.399	13.557	842	6,2%
Viðskiptakröfur	6.627	5.985	642	10,7%
Handbært fé	2.961	3.362	-401	-11,9%
Vaxtaberandi skuldir	37.616	37.140	476	1,3%
Nettó vaxtaberandi skuldir	34.655	33.778	877	2,6%
Eignfjárhlutfall	36,0%	37,3%	-1,4 p.p.	-3,6%
Veltuhraði vörubirgða	7,7	7,3	0,4	5,5%

Viðskiptavild nam 14.842 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.229 millj. kr. í lok 1F 2024. Rekstrarfjármunir námu 35.736 millj. kr og lækka um 42 millj. kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir nema 6.764 millj. kr. og hækka um 117 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 842 millj. kr. frá áramótum. Viðskiptakröfur aukast um 642 millj. kr og handbært fé lækkar um 401 millj. kr. frá áramótum.

23. apríl 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1F 2024

Nettó vaxtaberandi skuldir námu samtals 37.616 millj. kr. sem er hækkun um 877 millj. kr. frá áramótum. Arður samþykktur á aðalfundi í mars að fjárhæð 904 millj. kr. og var greiddur 6. apríl sl. er færður meðal skammtímaskulda í efnahag í lok mars. Eiginfjárlutfall félagsins var 36,0% í lok 1F 2024 samanborið við 37,3% í lok árs 2023. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 1. ársfjórðungs 2024

- Handbært fé frá rekstri nam 538 millj. kr. eða 7,6% af framlegð, samanborið við 1.238 millj. kr. árið áður.
- Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 734 millj. kr. sem er lækkun um 81 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 225 millj. kr. sem er lækkun um 507 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	1F 2024	1F 2023	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi				
Handbært fé í byrjun tímabils	3.362	2.112	1.250	59,2%
Handbært fé frá rekstri	538	1.238	-701	-56,6%
Fjárfestingahreyfingar	-734	-815	81	-9,9%
Fjármögnunarhreyfingar	-225	-732	507	-69,3%
Gengismunur af handbæru fé	21	20	1	2,5%
Breyting á handbæru fé	-422	-309	-113	36,5%
Handbært fé í lok tímabils	2.961	1.823	1.138	62,4%

Handbært fé frá rekstri á 1F 2024 nam 538 millj. kr. sem er lækkun um um 701 millj. kr. milli ára. Skýringin liggur í tímabundnum viðbótargjaldfresti um áramótin síðustu að fjárhæð 720 millj. kr. sem gerði niðurstöðu 4F 2023 betri en þennan verri sem því nemur. Fjárfestingar námu 734 millj. kr. sem eru 81 millj. kr. lægri en árið áður. Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 225 millj. kr. sem er 26 millj. kr. hærri en árið áður. Breyting á handbæru fé var neikvæð um 422 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2024 og nam handbært fé í lok tímabilsins 2.961 millj. kr.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2024

EBITDA spá félagsins hækkuð um 300 millj.kr. og nemur nú 11.500 – 11.900 millj. kr.

CAPEX spá félagsins fyrir árið 2024 óbreytt og nemur 4.400 – 4.800 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu og stríðsástands í Mið-Austurlöndum á vöruframboð.
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK.
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Eiginfjárlutfall félagsins er 36,0 % í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru ágætar og er félagið vel í stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

23. apríl 2024 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1F 2024

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 1F 2024 nam 56,8 milljörðum króna og lækkar um 8,0% frá ársbyrjun 2024.
- Hluthafar félagsins voru 1.190 í lok 1F 2024.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, miðvikudaginn 24. apríl 2024

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður miðvikudaginn 24. apríl 2024 þar sem Ásta S. Fjeldsted forstjóri Festi og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri rekstrar- og fjármálasviðs Festi munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 -14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: <https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-1f-2024>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://www.festi.is/fjarhagsupplýsingar>

Fjárhagsdagatal

- 2F 2024: 31. júlí 2024
- 3F 2024: 30. október 2024
- 4F 2024: 5. febrúar 2025
- Aðalfundur 2025: 5. mars 2025

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (asta@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (mki@festi.is).